


Fermingarblað Vífils 1990

1. TÖLUBLAÐ

1990

12. ÁRGANGUR



Búnaðarbankinn

GARÐABÆ


GARÐATORGI 5 SÍMI 656600

ÖLL INNLEND OG ERLEND
BANKAVIÐSKIPTI

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS
GARÐABÆ

DEMANTAHÚSIÐ

REYKJAVÍKURVEGI 62



STÓRGLÆSILEGT ÚRVAL FERMINGARGJAFNA ÚR SILFRI OG GULLI

Kæru bæjarbúar

Núna í ár eru liðin tólf ár síðan Fermingarblað Vífils kom fyrst út og má því segja að það sé orðið að föstum lið í starfi félagsins. Í blaðinu hafa alltaf verið fréttir og myndir úr starfi félagsins auk þess sem í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju. Þetta er gert í tengslum við sölu fermingarskeyta Vífils, sem er bæði bæjarbúum

til þæginda og félaginu til styrktar.

Nafnalistarnir í þessu blaði eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt er að breytingar hafi orðið á listunum frá þeim tíma.

Við viljum minna bæjarbúa á að salan á skátaskeytunum fer fram í skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 hér í bæ.



Að lokum viljum við benda á að hægt verður að fá skrautrituð skeyti eins og áður, en það hefur mælst mjög vel fyrir. Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægju leg og góð viðskipti við bæjarbúa eins og undanfarin ár.

*Skátakveðja,
Ritstjórnin*



Útgefandi:
Skátufélagið Vífill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður
Þór Ingólfsson

Ritstjórn
Árni Ingimundarson
Harold Groeneweg
Högni Gunnarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Karl Rúnar Þórsson
Kjartan Þór Reinholdsson
Ómar Birgisson
Ómar Gústafsson
Ragna S. Ragnarsdóttir
Rósa Jóhannsdóttir
Sveinn Geirsson

Myndir:
Björn Hilmarsson
Karl R. Þórsson
Ragna S. Ragnarsdóttir

Setning:
Björn Hilmarsson

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils '90

Skemmtilegt námskeið fyrir 8 - 12 ára börn í Garðabæ

Skátfélagið Vífill starfrækti Útilífs- og ævintýranámskeið síðasliðið sumar, sem tókst það vel, að í sumar verður aftur boðið upp á slíkt námskeið. Þar sem Útilífs- og ævintýranámskeiðið er öðruvísi námskeið, er það verðugur kostur í sumarstarfi unglinga í Garðabæ.

Fyrirkomulag verður á þá leið að þátttakendur verða í sjö heila virka daga í senn, frá klukkan 9.30 á morgnana til klukkan 16.00 á daginn.

Dagskrá: Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá, svo sem ýmsa leiki, hjólaferðir, ratleiki,

gönguferðir, skátaíþróttir og auk þess verður farið í dags skoðunar- og kynnisferðir.

Hápunktur námskeiðsins verður tveggja daga útilega, þar sem sofið verður í tjöldum eða í skátaskála Vífils.

Farið verður í gönguferðir og hellar skoðaðir og margt fleira skemmtilegt gert sem tilheyrir alvöru skátaútilegum.

Til þess að þetta ævintýri gangi vel og skemmtilega fyrir sig verða reyndir skátaforingjar úr Vífli við stjórnvöllinn allan tímann.

Skráning í Útilífsnámskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í Íþrótt- og

leikjanámskeið Garðabæjar.

Í upplýsingabæklingi sem Íþrótt- og tómstundaráð gefur út í vor verða nánari upplýsingar um útilífs- og ævintýranámskeið Vífils.



Árleg þrettándaútilega dróttskáta

Það er nú orðinn fastur liður hjá skátaforingjum félagsins og dróttskátum að fara í útilegu um þrettándahelgina eftir áramótin. Við fórum að þessu sinni í skálann Þrist sem er í hlíðum Esju. Vegna ófærðar þurftum við að ganga góðan spöl að skálanum og var það með ólíkindum erfitt, þar sem við þurftum að klofa djúpan snjó og vaða ár á leiðinni. En við komumst nú á leiðarenda og tókum því rólega um kvöldið. Fyrir svefninn var farið í ljóðakeppni á milli svefnlofta þar sem margar listilegar vísur flugu á milli.

Á laugardegnum var risið árla úr rekkju og farið í morgunleikfimi þar sem meðal annars voru æfð handahlaup og heljarstökk, reyndar með misjöfnum árangri þó. Eftir morgunmatinn voru elstu foringjarnir með stutt

námskeið um starf flokka og sveita. Einnig var starf vetrarins skipulagt. Að þessu loknu fórum við í fimm tíma gönguferð með viðkomu á næsta fjalli og við Tröllafoss í Leirvogsa. Á leiðinni leystum við verkefni sem lögð voru fyrir okkur af félagsforingjanum. Um kvöldið var svo þrettándaveislan og salurinn skreyttur og dýrindis kvöldmatur borinn á borð.

Til að fullkomna þetta var svo skotið upp flugeldum til að kveðja jólin endanlega.

Kvöldvakan var alveg ótrúleg, enda voru skemmtiatriðin með flóknari sniðinu. Sett voru upp heilu leikritin, en söguþráðurinn var hálf dularfullur í þeim sumum. Að lokum var gengið til svefns og fór þá fram ljóðakeppnin hin síðari.

Sunnudagsmorguninn hófst á því að morgunleikfimin fór fram

innandyr, þar sem við vorum varla búin að ná okkur eftir leikfimi laugardagsins.

Fram að mat var annað stutt námskeið um flokkastarfið og að því loknu fórum við að taka til og ganga frá.

Þessi ágæta útilega endaði svo á röskri göngu til baka í rútuna.

Árni, Ómar G. og Ómar B.



2 góðar fermingagjafir

ajungilak. Svefnpokar
KARRMOR Bakkpokar



SCOUTLUX

+ 25° C — ÷ 8° C
Þyngd 1.900 gr.
Verð kr. 6.590,-

FEMUND

+ 25° C — ÷ 8° C
Þyngd 1.800 gr.
Verð kr. 9.980,-

IGLOO

+ 25° C — ÷ 18° C
Þyngd 2.000 gr.
Verð kr. 11.980,-



TRAIL 50


50 lítrar
Þyngd 900 gr.
Verð kr. 5.490,-

PANTHER

65 lítrar
Þyngd 1.800 gr.
Verð kr. 9.990,-

LYNX 4

60 lítrar
Þyngd 1.100 gr.
Verð kr. 5.990,-



SKÁTABÚÐIN

-SKARAR FRAMÚR

Snorrabraut 60

Símar: 12045 — 624145

Raðgreiðslur. Póstsendum samdægurs.



Leitið ekki langt yfir skammt



*Fyrirtækja- og þjónustumiðstöðin
Gardatorgi.*

Bókasafn Garða

V/Vífilstaðaveg
210 Garðabæ
Sími 52687.

Opið:

Mánudaga..... kl. 9 - 19
Þriðjudaga..... kl. 9 - 19
Miðvikudaga..... kl. 9 - 19
Fimmtudaga..... kl. 9 - 19
Föstudaga..... kl. 9 - 19

Lokað á laugardögum.

Útlán: Frá klukkan 9.

Lánstími bóka: 30 dagar.

Skemmist bók eða týnist, greiðist
hún með nýrri eða andvirði hennar.

Sundlaug Garðabæjar

V/Íþróttahúsið Ásgarð
210 Garðabæ
Sími: 53066.

Opið:

Mánudaga..... kl. 7 - 20.30
Þriðjudaga..... kl. 7 - 20.30
Miðvikudaga..... kl. 7 - 20.30
Fimmtudaga..... kl. 7 - 20.30
Föstudaga..... kl. 7 - 20.30

Laugardaga..... kl. 8 - 16.30
Sunnudaga..... kl. 8 - 16.30

Hátíðahöld sumardagsins fyrs

Hátíðahöld sumardagsins fyrsta næstkomandi verða með hefðbundnum hætti. Skátamessa verður í Garðakirkju klukkan 11 og verður þar meðal annars vígsla nýrra meðlima og afhentar viðurkenningar fyrir gott starf innan félagsins.

Skrúðgangan hefst svo eins og venjan er klukkan 14 eða klukkan tvö.

Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar til skátaheimilisins að Hraunhólum

12. Þar verður fánahýning og að henni lokinni verður margt um dýrðir. Skátaheimilið verður opið og hægt að tylla sér niður og fá sér kaffibolla eða skoða þær framkvæmdir sem skátarnir verða með fyrir utan. Þar er ætlunin að

allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Garðbæingar, komið og takið þátt í hátíðarhöldunum og hjálpið okkur að kveðja veturinn og fögnum sumri með von um sól og sumaryl.

Skátaskeytin eru falleg og ódýr.

Fréttir frá Vífli '89 - '90.

Félagsútilegan

Skátafélagið Vífill fer í sína árlegu félagsútilegu á Úlfjótssvatn helgina 23. - 25. mars. Þangað fara allir skátar félagsins og verða við leiki og störf alla helgina. Þetta er nú reyndar sama helgi og fyrsti skeytasöludagur er, en þar sem skálarnir eru pantaðir með fjögurra mánaða fyrirvara, gátum við ekki hugsað okkur að hætta við útileguna. Það verða því nokkrir sem fara snemma heim til að sjá um skeytasöluna.

Breytingar í Skátaheimilinu:

Frá því í október 1988 hefur verið unnið við að reisa viðbyggingu við skátaheimilið Vífilsfell. Þar með fæst mjög góð vinnuaðstaða og góður fundarsalur. Reyndar hafa framkvæmdir gengið hægt síðustu mánuði þar sem nú er unnið að því að skipta út blásturskerfi því sem hitar húsið og setja ofna í staðinn. Einnig er nýbúið að skipta um gler á efri hæð hússins.

Skátaping

Skátasamband Reykjavíkur hélt Skátaping að þessu sinni. Tvö ár eru síðan þingið var síðast, en þá var það einmitt Vífill í Garðabæ sem sá um framkvæmd þess. Á þinginu voru um 150 skátar af öllu landinu og voru útgáfumál, foringjapjálfun og Landsmót '90 ofarlega á baugi. Á þinginu var kjörinn nýr aðstoðarskáthöfðingi sem heitir Páll Zóphoníasson úr skátafélaginu Faxa í Vestmannaeyjum.

Blómasala

Laugardaginn fimmta maí næstkomandi skipuleggur *Lionshreyfingin á Íslandi*, túlpanasölu um allt land, til styrktar *vímulausri æsku*. Þann dag munu skátar úr Vífli ganga í öll hús í Garðabæ og bjóða túlpana til sölu.

Við vonum svo sannarlega að bæjarbúar taki sölufólki okkar vel.

Munið laugardaginn 5. maí.

í Garðakirkju vorið 1990

1. apríl kl. 10.30 f.h.

ASDUD 75
 Ingibjörg Lind Karlsdóttir
 Melási 4
 Laufey Ýr Hákonardóttir
 Engimýri 10
 Oddný Þórunn Sæmundsdóttir
 Löngumýri 6
 Ragna Gunnarsdóttir
 Melási 3
 Rut Hermannsdóttir
 Grenilundi 9
 Sigfríð Einarsdóttir
 Asparlundi 5
 Vilborg Daníelsdóttir
 Ásbúð 11

Andri Örn Jónsson
 Hlíðarbyggð 6
 Daníel Óli Óðinsson
 Faxatúni 30
 Gunnar Ingi Traustason
 Ásbúð 25
 Heimir Jónasson
 Smáraflöt 2
 Sigsteinn Sigurbergsson
 Ásbúð 68
 Sigurður Sigurbjörnsson
 Lindarflöt 34
 Sigurgeir Agnarsson
 Móaflöt 35
 Unnar Snær Bjarnason
 Dalsbyggð 1
 Þorkell Máni Pétursson
 Ásbúð 71
 Þröstur Guðberg Fransson
 Löngufit 14

SKAHTIOT 14
 Hólmfríður Sandra Magnúsd.
 Markarflöt 19
 Kristín Sigríður Harðardóttir
 Ásbúð 57
 Ragnhildur Ísleifsdóttir
 Holtsbúð 5
 Signý Jóhannsdóttir
 Hrísmóum 1
 Sigrún Magnúsdóttir
 Holtsbúð 24
 Sóley Ósk Geirsdóttir
 Furulundi 8
 Steinunn Huld Gunnarsdóttir
 Hrísmóum 3
 Þóra Hallgrímsdóttir
 Holtsbúð 29
 Þórey Hallbergsdóttir
 Hrísmóum 7
 Benedikt Gunnarsson
 Marargrund 6
 Birgir Hákon Valdimarsson
 Hlíðarbyggð 53
 Björn Eiríksson
 Brekkubyggð 44
 Grímur Örn Þórðarson
 Sunnuflöt 33
 Guðni Tómasson
 Móaflöt 10
 Hilmar Þór Ólafsson
 Súlunesi 20
 Jón Fanndal Bjarnþórsson
 Hrísmóum 7
 Ólafur Ragnar Benediktsson
 Haukanesi 13
 Samúel Torfi Pétursson
 Markarflöt 24
 Vignir Grétar Stefánsson
 Lyngmóum 4
 Vilhjálmur Sigurst. Vilhjálms.
 Hrísmóum 6

Anný Lára Emilsdóttir
 Löngufit 38
 Arnbjörg Hlíf Valsdóttir
 Mávanesi 17
 Gréta Hauksdóttir
 Holtsbúð 33
 Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir
 Blikanesi 13
 Lilja Kristjánsdóttir
 Hæðarbyggð 4
 Lóa Björg Björnsdóttir
 Ásbúð 56
 María Kristín Steinson
 Markarflöt 17
 Perla Þorbjörnsdóttir
 Goðatúni 17
 Ragna Hafsteinsdóttir
 Ásbúð 79
 Rebekka Rut Sævarsdóttir
 Aratúni 21
 Sólveig Alda Halldórsdóttir
 Haukanesi 1
 Stella Sigurbjörnsdóttir
 Lyngmóum 9
 Þyri Halla Steingrimsdóttir
 Fífumýri 12

Andri Arnaldsson
 Holtsbúð 97
 Árni Þorsteinsson
 Efstalundi 15
 Bragi Dór Hafþórsson
 Tjarnarflöt 7
 Einar Bragason
 Lyngmóum 11
 Friðfinnur Ragnar Sigurðsson
 Hlíðarbyggð 5
 Gunnar Guðmundsson
 Hraunhólum 7
 Hákon Víðir Guðmundsson
 Asparlundi 8
 Kristján Örn Kjartansson
 Hraunbæ v/Álftanesveg
 Sveinn Áki Sveinsson
 Hörgslundi 10
 Sveinn Rúnar Sigurðsson
 Sunnuflöt 42
 Sverrir Bjarnason
 Ásbúð 69

Pórarinn Eiður Pórarinsson
Stekkjarflöt 25

1. apríl kl. 14.00 e.h.

Agnes Erna Stefánsdóttir
Krókamýri 14
Anna Lilja Pétursdóttir
Holtsbúð 76
Áslaug Þorbjörg Guðjónsdóttir
Holtsbúð 13
Elísabet Arnardóttir
Goðatúni 6a
Gréta Guðnadóttir
Skógarlundi 19
Guðrún Inga Guðlaugsdóttir
Efstalundi 3
Hrönn Valdimarsdóttir
Engimýri 5
Inga Rósa Sigurðardóttir
Holtsbúð 101
Katrín Guðjónsdóttir
Hegranesi 7
Kristín Agnarsdóttir
Prastarlundi 14
Kristín Hrönn Guðmundsdóttir
Háholti 1
Magnea Kristín Þorvaldsdóttir
Bæjargili 98
Margrét Helga Sævarsdóttir
Hrísmóum 11
Þórunn Anna Árnadóttir
Brekkubyggð 4
Hafsteinn Hafsteinsson
Hörgatúni 17
Hörður Jóhannesson
Pernunesi 19
Jón Haukur Baldvinsson
Stekkjarflöt 18
Logi Freyr Einarsson
Ásbúð 48
Pétur Þór Benediktsson
Kríunesi 12
Ragnar Árnason
Stekkjarflöt 5
Reynir Sigurður Gíslason
Hraunhólum 9
Ríkharður Róbertsson
Efstalundi 8
Sigurður Viðarsson
Hlíðarbyggð 47
Sigurgeir Guðlaugsson
Löngumýri 22 b
Svavar Örn Halldórsson
Löngufit 36

8. apríl kl. 10.30 f.h.

Birgitta Valgerður Ómarsdóttir
Hrafnhólum 4
Díana Hilmarsdóttir
Lyngmóum 5
Finndís Fjöla Birgisdóttir
Skógarlundi 17
Guðrún Björg Sigurðardóttir
Hörgslundi 4
Halla Aðalsteinsdóttir
Ásbúð 28
Hulda Guðný Kjartansdóttir
Prastarnesi 3
Hulda Ösp Eyjólfsdóttir
Iðufelli 8
Katharína Markúsdóttir
Bæjargili 94
Lilja Guðmundsdóttir
Brekkubyggð 50
María Gunnarsdóttir
Marargrund 13
Rakel Birgisdóttir
Holtsbúð 95
Soffía Dögg Garðarsdóttir
Móaföt 47
Svava Kristín Erlingsdóttir
Smáraflöt 3

Bjarni Baldvinsson
Hrísmóum 1
Einar Pétursson
Nýjabæ
Guðjón Eiríksson
Aratúni 28
Kristbjörn Borgþór Einarsson
Ásbúð 76
Magnús Gunnl. Pórarinsson
Bakkaflöt 5
Magnús Jónsson
Haukanesi 21

8. apríl kl. 14.00 e.h.

Arndís Hreiðarsdóttir
Haukanesi 19
Arndís Ólafsdóttir
Hraunsholtsvegi 4
Áslaug Hulda Jónsdóttir
Ásbúð 100
Ásta Kristín Sigurðardóttir
Súlunesi 7
Bettý Gunnarsdóttir
Brekkubyggð 36
Guðrún Gunnarsdóttir
Pernunesi 3
Guðrún Kristín Kolbeinsdóttir
Eskiholti 7
Helga Helgadóttir
Bæjargili 11
Hjördís Hildur Jóhannsdóttir
Melási 10
Inga Dögg Ólafsdóttir
Lyngmóum 8
Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir
Ljósamýri 3
Sólrunn Erna Sverrisdóttir
Haukanesi 17
Anton Rafn Gunnarsson
Laufási 4

Birgir Steinn Björnsson
Laufásvegi 18 a
Bogi Þorsteinsson
Brekkubyggð 10
Ernst Guðjón Backman
Ásbúð 71
Halldór Páll Jónsson
Borgarás 12
Haraldur Agnar Leifsson
Asparlundi 9
Hrafnkell Pálmarsson
Sunnuföt 2
Hörður Rúnar Gíslason
Dalsbyggð 17
Jón Guðni Ómarsson
Hlíðarbyggð 13
Karl Gústav Carlsson
Prastarlundi 19
Sigurður Grétar Halldórsson
Hagaflöt 1
Trausti Óskarsson
Lyngmóum 16
Pórarinn Línadal Steinþórsson
Víðilundi 7

Hvernig á að senda skátaskeytin



Tekið verður á móti pöntunum í skátaheimilinu
Vífilsfelli, Hraunhólum 12 í Garðabæ.

Opið verður milli klukkan 10 og 17.

Einnig verður hægt að hringja í síma 51989 og 52820 og panta skeyti. Ef pantað er í gegnum síma verður að greiða með greiðslukorti og er þá nægilegt að gefa upp kortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er:

Vélrituð kr. 350.

Skrautskrifuð kr. 700.

Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum.

Áletrunin á skeytunum er:

Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.

Einnig verður tekið á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog þá daga sem fermt er í Garðakirkju.

Vekjum athygli á því að skátaskeytasalan verður í skátaheimilinu.

Þangað eru allir velkomnir !

Bendum við á að hægt er að greiða skeytin með greiðslukortum í gegnum síma.

Til þeirra sem ætla að senda skátaskeyti.

Alltaf eitthvað nýtt !

Nú í ár er ætlunin að auka enn þjónustuna við bæjarbúa. Meðfylgjandi blaðinu er eyðublað, sem hægt er að fylla út fyrir allar fermingarnar og skila inn í Skátaheimilið að Hraunhólum 12. Blaðið er ætlað þeim, sem vilja senda skátaskeyti, en verða að heiman yfir fermingardagana. Einnig er hægt að fylla út

eyðublaðið og koma með það í Skátaheimilið þá daga sem fermingar fara fram. Það myndi flýta fyrir afgreiðslu hjá okkur því stundum er erfitt að ná í okkur gegnum síma.

Að lokum viljum við minna á að þeir sem panta skátaskeyti í gegnum síma verða að greiða þau með greiðslukorti.

***Með skátakveðju,
Skeytanefndin.***



Skátamótin síðastliðið sumar

Afmælistót Skátasambands Reykjavíkur

Við í skátaflokknum Samma mættum á Úlfljótsvatn fullir sjálfstrausts og öruggir um það að vinna frækilegan sigur á þessu ágæta móti.

Leiðin á toppinn var þó alls ekki greið vegna mikils fjölda flokka sem veittu okkur mikla og harða keppni.

Mótsverðlaunin fóru reyndar til Álftanesinga, en þó má nú geta þess að við bárum sigur úr bítum í flokkakeppni mótsins, en sú keppni reynir mikið á hæfnina í skátafræðunum. Mótið í heild sinni var mjög gott og á dagskránni voru leikir, póstaferðir, markferðir (gönguferðir með verkefnum), næturléikir og að ógleymsdu hjólastólarallinu, en þann dag-skrárlið gersigruðum við og stórbættum metið.

Veðrið var eins allt mótið, þ.e. rigning og aftur rigning. Við létum það ekkert á okkur fá heldur skemmtum okkur konunglega.

Arni, Högni og Sveinn.

Vinaflokkamót í Vestmannaeyjum.

Flokkur úr Vífli fór á þetta mót og átti þar ágætishelgi. Eftir erfiða siglingu með Herjólfri var komið til Eyja. Þar tók við það verkefni að setja upp

tjaldbúðina og koma okkur fyrir. Við vorum tíu og vorum með nýu tjöld (hvað átti að gera við öll þessi tjöld?). Fyrstu nóttina gerði alveg brjálað veður og fuku næstum öll tjöld mótsins niður og einungis fjögur tjöld stóðu uppi hjá okkur um morguninn. Voru þá allir mótsgestir fluttir inn í skóla þeirra heimamanna og var þar ansi þröngt, en þeim mun fjörugara. Eftir stórskemmtilega helgi í albrjáluðu veðri var svo Herjólfur tekinn til baka á sunnudeginum. Við vorum öll mjög þreytt, er heim kom enda helgin erfið, en hún var svo sannarlega þess virði.

Sveinn Geirsson.

Hraunbúamót

Við fórum allnokkur úr Vífli á þetta mót þeirra Hafnfirðinga, sem eins og alltaf er haldið í

Krýsuvík. Mótið var frekar fámenn en mótsgestir kynntust bara þeim mun betur. Ýmislegt var gert og lærðum við heilmargt um hnúta og meðferð hnífa svo dæmi séu tekin.

Hin dæmigerða Krýsuvíkur-rigning var á staðnum eins og vanalega en eina reglan fyrir þátttöku í þessu móti er að eiga regngalla.

Sveinn Geirsson.



Hvernig væri að senda nágrannanum skeyti ?

SKÚTAN

Veitingaeldhús og veislusalur
Dalshrauni 15, Hafnarfirði.
Símar 51810 - 651810

*Bjódum upp á okkar vinsæla
veislumat fyrir árshátíðir
og önnur samkvæmi.*

*Fyrir fyrirtæki og stofnanir
höfum við matarbakka.*

Sendum út matseðla
ef óskað er.

Köld borð - Kabarett.
Heitur matur ásamt pottréttum.
Smurbrauð og veislutertur.

Leigjum einnig borðbúnað
fyrir veislur.

*Leggjum áherslu á
góða þjónustu.*

Landsmót skáta 1990

Landsmót skáta verður haldið á
Úlfjótsvatni dagana 1.-8. júlí.

Mikil undirbúningsvinna hefur þegar farið fram
og stefnir í mjög fjölmennt mót. Fjögur ár eru
síðan síðasta mót var, en það var í Viðey 1986.
Nú þegar hafa um 300 erlendir skátar staðfest
komu sína og búist er við um 1500 íslenskum
ásamt fjölda fólks í fjölskyldubúðir og vinnu-
búðir. Það verður því mikið um að vera hjá
skátunum í Garðabæ fyrstu vikuna í júlí.
Ætlunin er að fara með um 30 manna hóp úr Vífli
á þetta mót og er undirbúningur þegar hafinn.

Í tilefni þess er birtur hér á næstu blaðsíðu
úrdráttur úr grein eftir Tryggva Þorsteinsson
skólastjóra, sem var um áratugaskeið ein helsta
driffjöldurinn í skátastarfi á Akureyri.

Hann skrifaði mikið af góðum greinum um
skátastörf í gegnum tíðina, en þó eru þekktastar
bækur hans Varðeldasögur I og II. Þar fjallar
Tryggvi á líflegan hátt um ýmislegt sem gerðist
á hans skátaferli.



K. Richter

*K. Richter hf.
Heildverslun
Smiðsbúð 5
210 Garðabæ
Sími 91 -40 900*

VIDEÓKLASSI

IÐNBÚÐ 8
GARÐABÆ
SÍMI 641913

Höfum allar tegundir mynda

Höfum frábært klassa úrval

Þú færð klassa myndir
í
VIDEÓKLASSA.

Landsmót skáta

Tryggvi Þorsteinsson

Á leið á landsmót

Hugsum okkur að við séum skátar á leið til landsmóts. Heilan vetur höfum við hlaðnað til þessarar ferðar og ótal sinnum spurt: "Fæ ég að fara á landsmótið?" eða "Ætlar þú á landsmótið?" og nú erum við loks á leiðinni þangað.

Og tjaldborg rís...

Á nokkrum síðdegisstundum og á einni nóttu rís eitt til þrjú þúsund manna tjaldborg með furðumiklum nútíma þægindum og öruggu stjórnunarkerfi, og meðalaldur íbúanna er kannski 13 til 15 ára. En merkilegast er að þessi bær stendur í 7 daga, og ég hef aldrei heyrt þess getið að stjórnvöld landsins, svo sem lögregla og heilbrigðisyfirvöld, hafi þurft að koma þar nærri, til að gera athugasemdir.

Brosið skilja allir !

Og svo líða dagarnir í önn við leiki og söng. Alltaf eitthvað nýtt. Nú er tími til að blanda geði við góða félaga víðs vegar að. Sumir eru útlendingar, og málið er ef til vill illskiljanlegt, en það kemur fljótt í ljós, að allar þjóðir eiga ótalmargt sameiginlegt og brosið er tjáning, sem allir skilja.

Varðeldarnir eru vinsælastir

Ef fréttir berast um eitthvað óvanalegt eins og til dæmis milliríkjakeppni í knattspyrnu eða þegar nýliðar skora á mótsstjórn í reipitog, samantlagður aldur keppenda má vera 365 ár, þá flykkjast áhorfendur að íþróttasvæðinu.



En varðeldarnir eru þó vinsælastir. Sá sem þar sýnir besta frammistöðu, er hnoss síns félags og í hávegum hafður.

Misjafnlega gott veður


Eins og nærri má geta hefur veðrið mikil áhrif á líf manna í tjaldbúðum, en skátar hafa fyrir löngu hætt að tala um vont veður. Það er bara misjafnlega gott. Þegar tjöldin leka eða fjúka er það heldur ekkert til að fást yfir, heldur til að ráða bót á hið bráðasta og úr því geta orðið hin skemmtilegustu ævintýri.

Síðasta kvöldið

En dagarnir líða og fyrr en varir er komið að síðasta kvöldinu. Nóttin, sem í hönd fer, er oftast óróleg. Skátunum finnst þessi tími hafa verið fljótur að líða og þeir vilja gjarnan ná í skottið á síðustu klukkustundunum. En margir eiga langa heimferð fyrir höndum svo svefninn er nauðsynlegur. Svo rennur upp síðasti mótsdagurinn.

"Við sjáumst fljótt aftur"

Á einum dagsparti hverfur svo þessi borg, sem áður var full af lífi, gleði og gáska. Söngvarnir sem bást frá varðeldunum eru hljóðnaðir, og götu-slóðarnir, sem mynduðust í borginni okkar, gróa og hverfa. Senn koma bílarnir og sækja okkur og við höfum tæplega tíma til að kveðja alla kunningjana. Það verður að nægja að veifa til þeirra og kalla "Sjáumst aftur"



TILBOÐ

Leigir tvær spólur
og færð 1,5 l pepsí
FRÍTT

Tekur eina nýja
Og færð aðra eldri
FRÍTT

Vinsældarlisti:

1. DIRTY ROTTEN SCOUNDRELS
2. LETHAL WEAPON 2
3. THE NAKED GUN
4. BETREYED
5. THE UNBEARABLE LIGHTNESS
6. HER ALIBI
7. FEDS
8. THE BURBS
9. BEACHES
10. WHO FRAMED R. R.
11. THE EXPERTS
12. POLICE ACADEMY 6
13. THREE FUGITIVES
14. COCCON THE RETURN
15. KARATE KID PART 3
16. MY STEPMOTHER IS AN ALIEN
17. WORKING GIRL
18. BIG BUSINESS
19. WITHOUT A CLUE
20. WOMEN ON THE VERGE

SKALLA
Video

Myndir úr starfi félagsins



Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa:

Bókabúð Böðvars, Reykjavíkurvegi 64. S: 651630.

Burstagerðin hf. Smiðsbúð 10. S: 41630.

Sveinn bólstrari, Iðnbúð 5. S: 641622.

Tölvubær hf. Skipholti 50 b. S: 68025

Veislueldhúsið Kokkurinn hf. Smiðsbúð 4. S: 45430.

Vikurvinnslan hf. Iðnbúð 6. S: 657285.

EUROFOLK '89 - Veneto Ítalíu

Föstudaginn 28. júlí síðastliðinn lögðum við, 11 skátar frá Íslandi, af stað frá Keflavík, í ævintýrlega ferð um ítölsku Alpana.

Við flugum beint til Mílanó og eftir stutta viðdvöl þar var lagt af stað með lest til Verona.

Þar var gíst í gömlu munkaklaustri sem breytt hafði verið í farfuglaheimili með öllum tilheyrandi þægindum. Við gístum nú reyndar í garðinum, undir berum himni, innan um alls kyns skorkvikindi og pöddur.

Daginn eftir var haldið af stað til Padova en einn úr hópnum var eftir, því hann hafði sótt um að vera í vinnubúðum og hans hópur átti að byrja í Verona. Í Padova hittum við hópinn, sem við áttum að ganga saman með, um ítölsku Alpana. Í þessum hópi voru skátar frá Frakklandi, Ítalíu, Austurríki og svo auðvitað við.

Um fjöllin var svo gengið í fimm daga í alla vega veðri, sól, snjó og rigningu, eftir því í hvaða hæð við vorum. Okkar hópur fékk ákveðna gönguleið til að fara eftir en alls voru 50 hópar og um 50 skátar víðs vegar úr Evrópu í hverjum hópi. Eftir þessa fimm daga göngu hittust allir þessir hópar og slógu upp tjaldbúðum við stórglæsilegan herragarð eigi langt frá bænum Bassano. Þar

hófst svo hið raunverulega Eurofolk skátamót, sem haldið er á fjögurra ára fresti með þátttöku all flestra þjóða í Evrópu. Dvöldum við þar við leiki og störf í fimm daga.

Dagskránni var skipt í hluta þar sem meðal annars var hægt að læra körfugerð, leður-saum, þjóðdansa, skyndihjálpi, leiklist og meira að segja sjálfsvarnaríþróttir.

Eitt kvöldið var Íslandskynning þar sem sviðasulta, lakkrís, Lindusúkkulaði, pönnukökur og auðvitað harðfiskurinn voru kynnt. Einnig höfðum við mikið af landkynningarbæklingum með okkur (um 40 kíló) og sýndum skátum í Evrópu að fýsilegt væri að koma á Landsmót á Íslandi. Við urðum fyrir þó nokkrum vonbrigðum hvað Ítalir og sumar aðrar þjóðir eru illa upplýstar um okkur Íslendingana. Það var varla að menn gætu staðsett landið á landakortinu. Harðfiskurinn og sviðasultan bættu nú reyndar úr því.

Að loknu móti var haldið til Verona og þar eyddum við síðustu lírunum í verslunum bæjarins.

Að lokum var haldið til Mílanó og þaðan beint í Arnarflugsvél til Íslands aftur.

*Ingibjörg Guðmundsdóttir
Kjartan Þór Reinholdsson*



Stjórn Vífils skipa

Björn Hilmarrson
Félagsforingi

Karl Rúnar Þórssón
Aðst. félagsforingi

Hafðís Rut Rudólfsdóttir
Ritari

Þór Ingólfsson
Gjaldkeri

Halldór S. Magnússon
Meðstjórnandi.

Jón Þór Ólason
Meðstjórnandi.

PS. Vissir þú að íbúar við Aratún og Prastarlund voru áberandi duglegastir við að senda skátaskeyti til nágretta sinna í fyrra.

Fermist einhver í þinni götu í vor?



...kjörin leið til sparnaðar er Kjörbók Landsbankans



Betri, einfaldari og öruggari leið til ávöxtunar sparifjár er vandfundin. Háir grunnvextir og verðtryggingarákvæði tryggja góða ávöxtun. Að auki koma afturvirkar vaxtahækkningar eftir 16 og 24 mánuði. Samt er innstæða

Kjörbókar alltaf laus.

 **Landsbanki
Íslands**
Banki allra landsmanna